| Reykjavíkurborg | | | | 8,200,000 kr | 10,849,611 kr | 11,368,225 kr |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Númer | | Aðilar | Niðurstaða | Málskostnaður | Sekt | Umsamdar skaðabætur |
| **2018** | | | | **1,500,000 kr** | **- kr** | **500,000 kr** |
| 5 | Ákvörðun | Dk hugbúnaður ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og Öryggismiðstöð Íslands hf. | Hafnað er kröfu varnaraðila, Reykjavíkurborgar og Öryggismiðstöðvar Íslands hf., um að aflétta stöðvun samningsgerðar á grundvelli samkeppnisviðræðna nr. 14040 auðkennt „Verslunarkerfi fyrir starfsstaði Íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar“. | | | |
| 5 | Úrskurður | Dk hugbúnaður ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og Öryggismiðstöð Íslands hf. | Ákvörðun varnaraðila, Reykjavíkurborgar, 21. mars 2018 þess efnis að vísa boðinni lausn kæranda, Dk hugbúnaðar ehf., frá í samkeppnisviðræðum nr. 14040 auðkennd „Verslunarkerfi fyrir starfsstaði Íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar“, er felld úr gildi.<br><br>Varnaraðili greiði kæranda 800.000 krónur í málskostnað. | 800,000 kr | | |
| 6 | Úrskurður | N1 hf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg | Hafnað er kröfu kæranda, N1 hf., um að felld verði úr gildi ákvörðun varnaraðila, Reykjavíkurborgar, um að synja tilboði hans í fyrsta hluta útboðs nr. 14055 „Rammasamningur um tunnur, ker og djúpgáma fyrir Reykjavíkurborg“. Einnig er hafnað kröfu kæranda um að varnaraðila verði gert skylt að bjóða út innkaupin að nýju.<br><br>Það er álit kærunefndar útboðsmála að varnaraðili sé skaðabótaskyldur gagnvart kæranda vegna téðrar ákvörðunar sinnar um að hafna tilboði hans.<br><br>Varnaraðili greiði kæranda 700.000 krónur í málskostnað. | 700,000 kr | | 500,000 kr |
| 12 | Úrskurður | AFA JCDecaux Ísland ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og Dengsa ehf. | Öllum kröfum kæranda, AFA JCDecaux ehf., vegna ákvörðunar varnaraðila, Reykjavíkurborgar, um að semja við Dengsa ehf. um götugögn, biðskýli og auglýsingastanda, er vísað frá kærunefnd útboðsmála. | | | |
| **2019** | | | | **1,500,000 kr** | **849,611 kr** | **- kr** |
| 18 | Ákvörðun | Tyrfingsson ehf.<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Reykjavíkurborg | Kröfu kæranda, Tyrfingssonar ehf., um að útboð Reykjavíkurborgar f.h. Strætó bs. nr. 14403 auðkennt „Purchase of Hydrogen Buses“, verði stöðvað um stundarsakir, er hafnað. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 32 | Ákvörðun | Reykjafell ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg,<br>Vegagerðinni og<br>Smith og Norland hf. | Kæranda, Reykjafelli ehf. er veittur aðgangur að eftirfarandi gögnum:<br>1. Hluta tilboðs Siemens – Smith & Norland hf., ásamt hluta útboðsgagna, dags. 15. nóvember 2005. – Aðgangur er veittur að skjalinu í heild sinni.<br>3. Tölvupósti Smith & Norland hf., leiðrétt svar, dags. 30. júlí 2018. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um verð í töflu á bls. 2.<br>4. Tilboði I. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga í kafla 3 og 4, sem og upplýsinga um verð í töflu á bls. 4, þó þannig að heildarverð skal ekki afmáð. Auk þess skulu upplýsingar undir liðnum „Further conditions“ afmáðar.<br>5. Tilboði II. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um verð í töflu á bls. 1, þó þannig að heildarverð skal ekki afmáð. Auk þess skulu upplýsingar undir liðnum „Further conditions“ afmáðar.<br>6. Samningi nr. 02-2019 – Motion búnaður, dags. 9. júlí 2019. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um magn og verð á bls. 1, þó þannig að heildarverð á bls. 2 skal ekki afmáð.<br>7. Samningi nr. 03-2019 – MSU uppfærsla, dags. 9. júlí 2019. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um verð á bls. 1, þó þannig að heildarverð á bls. 2 skal ekki afmáð.<br>8. Tölvupósti um pöntun samkvæmt samningum, dags. 4. júlí 2019. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um verð.<br>10. Staðfestingu á afhendingu, ódags. en frá 27. nóvember 2008. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um fjölda undir „Description of works“. | | | |
| 32 | Ákvörðun | Reykjafell ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg,<br>Vegagerðinni og<br>Smith og Norland hf. | Kröfu kæranda, Reykjafells ehf., um að útboð varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 14356 auðkennt „Rammasamningur um stýribúnað umferðarljósa“, verði stöðvað um stundarsakir, er hafnað. | | | |
| 32 | Úrskurður | Reykjafell ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg,<br>Vegagerðinni og<br>Smith og Norland hf. | Kröfu kæranda, Reykjafells ehf., um að nýtt útboð um stýribúnað umferðarljósa verði án skilyrða sem lúta að tækni og búnaði frá einum framleiðanda (t.d. Sitraffic Scala, Sitraffic Office, Sitraffic STREAM og MOTION frá Siemens) og annarra skilyrða sem leiða til þess að einungis eitt fyrirtæki geti í raun boðið í alla hluta útboðsins, er vísað frá.<br><br>Varnaraðilar, Reykjavíkurborg og Vegagerðin, greiði, hvor um sig, stjórnvaldssekt að fjárhæð 849.611 krónur.<br><br>Varnaraðili Reykjavíkurborg er skaðabótaskyldur gagnvart kæranda, Reykjafelli ehf., vegna kostnaðar hans af því að taka þátt í útboði nr. 14356 auðkennt „Rammasamningur um stýribúnað umferðarljósa“.<br><br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði kæranda, Reykjafelli ehf., 1.000.000 króna í málskostnað.<br><br>Varnaraðili, Vegagerðin, greiði kæranda, Reykjafelli ehf., 500.000 krónur í málskostnað. | 1,000,000 kr | 849,611 kr | Reykjavíkurborg hefur höfðað mál til ógildingar úrskurðar kærunefndar útboðsmála. Málið bíður aðalmeðferðar. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Dómur Landsréttar í máli nr. 359/2022 | | Reykjafell ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg,<br>Vegagerðinni og<br>Smith og Norland hf. | Vísað er frá dómi kröfu gagnstefnanda Reykjafells ehf. í gagnsök um að viðurkennt verði að við innkaup á stýribúnaði umferðarljósa sé gagnstefndu, Reykjavíkurborg og Vegagerðinni, óheimilt að setja skilyrði sem vísa til Sitraffic Scala, Sitraffic Office, Sitraffic Canto, sitraffic Stream og Sitraffic Motion 7 búnaðar frá Siemens, miðlægs stýribúnaðar sem keyptur var í júlí 2019 og annars búnaðar frá framleiðandanum Siemens.<br>Ákvörðun málskostnaðar bíður efnisdóms. | - 250,000 kr | | |
| 34 | Úrskurður | Smith & Norland hf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg | Kröfu varnaraðila, Reykjavíkurborgar, um að kröfum kæranda, Smith & Norland hf., verði vísað frá kærunefnd útboðsmála, er hafnað.<br>Varnaraðili er skaðabótaskyldur gagnvart kæranda vegna útboðs nr. 14356 auðkennt „Rammasamningur um stýribúnað umferðarljósa“.<br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað.<br>Varnaraðili greiði kæranda 750.000 krónur í málskostnað. | 750,000 kr | | Reykjavíkurborg hafnaði skaðabótaskyldu í málinu. |
| | | | **2020** | **2,800,000 kr** | **10,000,000 kr** | **- kr** |
| 1 | Úrskurður | Íslensk orkumiðlun ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði stjórnvaldssekt að fjárhæð 8.000.000 króna í ríkissjóð.<br><br>Lagt er fyrir varnaraðila, Reykjavíkurborg, að bjóða út innkaup á raforku.<br><br>Kröfu kæranda, Íslenskrar orkumiðlunar ehf., um að kærunefnd útboðsmála felli úr gildi ákvörðun varnaraðila um að framkvæma kaup á raforku frá Orku náttúrunnar ohf., án útboðs, er vísað frá nefndinni.<br><br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði kæranda, Íslenskri orkumiðlun ehf., 1.500.000 krónur í málskostnað.<br><br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað. | 1,500,000 kr | 8,000,000 kr | |
| 2 | Ákvörðun | Glerborg ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Íspan ehf. | Kröfu kæranda, Glerborgar ehf., um að útboð varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 14707 „Einangrunargler, framleiðsla og afhending“, verði stöðvað um stundarsakir, er hafnað. | | | |
| 2 | Úrskurður | Glerborg ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Íspan ehf. | Öllum kröfum kæranda, Glerborgar ehf., vegna útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 14707 auðkennt „Einangrunargler, framleiðsla og afhending“, er hafnað.<br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 4 | Ákvörðun | Úti og inni sf., Verkfræðistofa Suðurnesja ehf. Aas-Jakobsen, Landmótun sf. og Liska ehf.<br>gegn<br>Vegagerðinni, Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Strendingi ehf. o.fl. | Forval varnaraðila, Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, auðkennt „Brú yfir Fossvog, hönnunarsamkeppni – forval“, er stöðvað um stundarsakir. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | Ákvörðun | Úti og inni sf., Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.<br>Aas-Jakobsen, Landmótun sf. og<br>Liska ehf.<br>gegn<br>Vegagerðinni, Reykjavíkurborg,<br>Kópavogsbæ, Strendingi ehf. o.fl. | Kærendum, Úti og inni sf., Verkfræðistofa Suðurnesja ehf., Aas-Jakobsen, Landmótun sf. og Liska ehf. er veittur aðgangur að eftirfarandi gögnum í heild sinni vegna forvals varnaraðila, Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar auðkennt „Brú yfir Fossvog, hönnunarsamkeppni – forval“: 1. Matslíkani, 2. Greinargerð matsnefndar, 3. Mati umsókna og 5. Yfirliti yfir þátttakendur í samkeppni. Jafnframt verður veittur aðgangur að 4. Afriti af umsóknum sex efstu þátttakenda, þar sem upplýsingar sem varða „Sýn á verkefnið“ hafa verið afmáðar. | | | |
| 4 | Úrskurður | Úti og inni sf., Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.<br>Aas-Jakobsen, Landmótun sf. og<br>Liska ehf.<br>gegn<br>Vegagerðinni, Reykjavíkurborg,<br>Kópavogsbæ, Strendingi ehf. o.fl. | Ákvörðun varnaraðila, Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar frá 24. janúar 2020 um val á þátttakendum í forvali auðkennt „Brú yfir Fossvog, hönnunarsamkeppni – forval“, er felld úr gildi.<br><br>Varnaraðilar eru skaðabótaskyldir gagnvart kærendum Úti og inni sf., Verkfræðistofa Suðurnesja ehf., Aas-Jakobsen, Landmótun sf. og Lisku ehf. vegna forvalsins.<br><br>Varnaraðilar greiði kærendum óskipt 900.000 krónur í málskostnað. | 300,000 kr | | Varnaraðilar höfnuðu skaðabótakröfu kærenda. Kærendur hafa aflað matsgerðar um ætlað tjón sitt. Hvorki liggur fyrir málshöfðun né sátt um skaðabætur. |
| 9 | Ákvörðun | Ferill ehf.<br>gegn<br>Vegagerðinni, Reykjavíkurborg,<br>Kópavogsbæ, Strendingi ehf. o.fl. | Forval varnaraðila, Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, auðkennt „Brú yfir Fossvog, hönnunarsamkeppni – forval“, er stöðvað um stundarsakir. | | | |
| 9 | Úrskurður | Ferill ehf.<br>gegn<br>Vegagerðinni, Reykjavíkurborg,<br>Kópavogsbæ, Strendingi ehf. o.fl. | Kröfum kæranda, Ferils ehf., vegna forvals varnaraðila, Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, auðkennt „Brú yfir Fossvog, hönnunarsamkeppni – forval“, er hafnað. | | | |
| 14 | Úrskurður | Ístak hf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg | Kröfum kæranda, Ístaks hf., vegna útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 14722 auðkennt „Úlfarsárdalur, 4. og 5. áfangar bókasafn, menningarmiðstöð og sundlaug - Fullnaðarfrágangur“ er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 17 | Úrskurður | Samtök iðnaðarins<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði stjórnvaldssekt að fjárhæð 2.000.000 krónur í ríkissjóð.<br><br>Lagt er fyrir varnaraðila, Reykjavíkurborg, að bjóða út þjónustu við útskiptingu og uppsetningu LED-lampa í Reykjavík.<br><br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði kæranda, Samtökum iðnaðarins, 1.000.000 króna í málskostnað.<br><br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað. | 1,000,000 kr | 2,000,000 kr | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 29 | Ákvörðun | Mannvit hf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg<br>Veitum ohf.<br>Mílu ehf.<br>Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.<br>og Eflu hf. | Hafnað er kröfu varnaraðila, innkaupadeildar Reykjavíkurborgar fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Veitna ohf., Mílu ehf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., um að aflétt verði banni við samningsgerð milli varnaraðila og Eflu hf. í kjölfar útboðsins „Tryggvagata og Naustin Endurgerð 2020-2021 Eftirlit“. | | | |
| 29b | Ákvörðun | Mannvit hf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg<br>Veitum ohf.<br>Mílu ehf.<br>Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.<br>og Eflu hf. | Ákvörðun kærunefndar útboðsmála frá 17. júlí 2020 í máli nr. 29/2020 er endurupptekin.<br><br>Banni við samningsgerð varnaraðila, innkaupadeildar Reykjavíkurborgar fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Veitna ohf., Mílu ehf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., og Eflu hf. í kjölfar útboðsins „Tryggvagata og Naustin Endurgerð 2020-2021 Eftirlit“ er aflétt. | | | |
| 29 | Úrskurður | Mannvit hf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg<br>Veitum ohf.<br>Mílu ehf.<br>Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.<br>og Eflu hf. | Kröfum kæranda, Mannvits hf., vegna útboðs varnaraðila, innkaupadeildar Reykjavíkurborgar fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Veitna ohf., Mílu ehf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., í kjölfar útboðsins „Tryggvagata og Naustin Endurgerð 2020-2021 Eftirlit“ er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 36 | Ákvörðun | Saltkaup ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Marlýsi ehf. | Stöðvun útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 14876 auðkennt „Götusalt 2020-2021“, er aflétt. | | | |
| 36 | Úrskurður | Saltkaup ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Marlýsi ehf. | Kröfum kæranda, Saltkaupa ehf., vegna útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 14876 auðkennt „Götusalt 2020-2021“, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 41b | Ákvörðun | Reykjafell ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg,<br>Vegagerðinni og<br>Smith og Norland hf. | Hafnað er kröfu Reykjafells ehf. um endurupptöku ákvörðunar kærunefndar útboðsmála frá 1. október 2020 í máli nr. 41/2020, Reykjafell ehf. gegn Reykjavíkurborg, Vegagerðinni og Smith og Norland hf. | | | |
| 41 | Ákvörðun | Reykjafell ehf. gegn Reykjavíkurborg, Vegagerðinni og Smith og Norland hf. | Hafnað er kröfu kæranda, Reykjafells hf., um að stöðva um stundarsakir útboð varnaraðila, Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar, nr. 14943 auðkennt „Endurnýjun MP stýrikassa“. | | | |
| 41 | Úrskurður | Reykjafell ehf. gegn Reykjavíkurborg, Vegagerðinni og Smith og Norland hf. | Kröfum kæranda, Reykjafells ehf., vegna útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar, nr. 14943 auðkennt „Endurnýjun MP stýrikassa“, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 44 | Ákvörðun | Ísorka ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Kröfu kæranda, Ísorku ehf., um stöðvun útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 14923 auðkennt „Uppsetning og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjavík“, er hafnað. | | | |
| 44 | Úrskurður | Ísorka ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Samningur varnaraðila, Reykjavíkurborgar og Orku náttúrunnar ohf. frá 2. október 2020, um uppsetningu og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjavík, skal vera óvirkur frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.<br><br>Lagt er fyrir varnaraðila að bjóða út að nýju uppsetningu og rekstur hleðslustöða fyrir rafbíla í Reykjavík.<br><br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði stjórnvaldssekt að fjárhæð 4.000.0000 krónur er renni í ríkissjóð.<br><br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, er skaðabótaskyldur gagnvart kæranda vegna kostnaðar kæranda af því að undirbúa og taka þátt í útboði nr. 14923 auðkennt „Uppsetning og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjavík“.<br><br>Varnaraðili greiði kæranda 2.000.000 krónur í málskostnað.<br><br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað. | 2,000,000 kr | 4,000,000 kr | |
| Dómur Landsréttar í máli nr. 745/2021 | | Ísorka ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Landsréttur staðfestir niðurstöðu Héraðsdóms um að ógilda úrskurð kærunefndar útboðsmála í mál nr. 44/2020 | - 2,000,000 kr | - 4,000,000 kr | |
| 46 | Ákvörðun | Reykjafell ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg,<br>Vegagerðinni og<br>Smith og Norland hf. | Hafnað er kröfu kæranda, Reykjafells ehf., um að stöðva um stundarsakir útboð varnaraðila, Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar, nr. 14943 auðkennt „Endurnýjun MP stýrikassa“. | | | |
| 46 | Úrskurður | Reykjafell ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg,<br>Vegagerðinni og<br>Smith og Norland hf. | Kröfu kæranda, Reykjafells ehf., um álit á skaðabótaskyldu varnaraðila, Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar, vegna útboðs nr. 14943 auðkennt „Endurnýjun MP stýrikassa“, er vísað frá.<br><br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað.<br><br>Kærandi greiði málskostnað að fjárhæð 200.000 krónur sem rennur í ríkissjóð. | | | |
| | | | **2021** | **1,400,000 kr** | **- kr** | **10,868,225 kr** |
| 12 | Ákvörðun | Atendi ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Exton ehf. | Stöðvun útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 15063 auðkennt „Uppfestibúnaður fyrir lýsingu og viðburðarbúnað í Laugardalshöll“ er aflétt. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 12 | Úrskurður | Atendi ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Exton ehf. | Kröfu kæranda, Atenda ehf., um að felld verði úr gildi ákvörðun varnaraðila, Reykjavíkurborgar frá 8. apríl 2021, um að ganga að tilboði Exton ehf. í útboði nr. 15063 auðkennt „Uppfestibúnaður fyrir lýsingu og viðburðarbúnað í Laugardalshöll", er vísað frá.<br><br>Varnaraðili greiði kæranda, Atenda ehf, 350.000 krónur í málskostnað. | 350,000 kr | | |
| 14 | Ákvörðun | Metatron ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Exton ehf. | Kröfu kæranda, Metatron ehf., um að útboð varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 15063 auðkennt „Uppfestibúnaður fyrir lýsingu og viðburðarbúnað í Laugardalshöll" verði stöðvað um stundarsakir er hafnað. | | | |
| 14 | Úrskurður | Metatron ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Exton ehf. | Kröfu kæranda, Metatron ehf., um að felld verði úr gildi ákvörðun varnaraðila, Reykjavíkurborgar, frá 8. apríl 2021 um að ganga að tilboði Exton ehf. í útboði nr. 15063 auðkennt „Uppfestibúnaður fyrir lýsingu og viðburðarbúnað í Laugardalshöll", er vísað frá.<br><br>Kröfu kæranda, um að varnaraðili sé skaðabótaskyldur gagnvart sér vegna framangreindrar ákvörðunar, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 19 | Ákvörðun | Atendi ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Metatron ehf. | Kröfu varnaraðila, Reykjavíkurborgar, um afléttingu sjálfkrafa stöðvunar útboðs nr. 15063 auðkennt „Uppfestibúnaður fyrir lýsingu og viðburðarbúnað í Laugardalshöll", er hafnað. | | | |
| 19 | Úrskurður | Atendi ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Metatron ehf. | Kröfu kæranda, Atenda ehf., um að felld verði úr gildi ákvörðun varnaraðila, Reykjavíkurborgar, frá 27. maí 2021 um að ganga að tilboði Metatron ehf. í útboði nr. 15063 auðkennt „Uppfestibúnaður fyrir lýsingu og viðburðarbúnað í Laugardalshöll", er vísað frá.<br><br>Varnaraðili greiði kæranda, Atenda ehf, 350.000 krónur í málskostnað. | 350,000 kr | | |
| 20 | Úrskurður | Vörðuberg ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg,<br>Veitum ohf. og<br>Sumargörðum ehf. | Varnaraðili, Reykjavíkurborg, er skaðabótaskyldur gagnvart kæranda, Vörðubergi ehf., vegna kostnaðar hans af þátttöku í útboði nr. 15175 auðkennt „Gangstéttaviðgerðir 2021".<br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað.<br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði kæranda 700.000 krónur í málskostnað. | 700,000.00 kr | | Reykjavíkurborg krafðist endurupptöku málsins. Ekki liggur fyrir skaðabótakrafa frá kæranda. |
| 24 | Ákvörðun | Kjörís ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Emmessís ehf. | Aflétt er stöðvun samningsgerðar milli varnaraðila, Reykjavíkurborgar, og Emmessís ehf., í kjölfar útboðs nr. 15124 auðkennt „Útboð á ís til endursölu á starfstöðum ÍTR". | | | |
| 24 | Úrskurður | Kjörís ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Emmessís ehf. | Kröfum kæranda, Kjörís ehf., vegna útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 15124 auðkennt „Útboð á ís til endursölu á starfsstöðum ÍTR", er vísað frá kærunefnd útboðsmála.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 27 | Ákvörðun | Reykjavíkurborg gegn Ísorku ehf. og Orku náttúrunnar ohf. | Kröfu frestbeiðanda, Reykjavíkurborgar, að kærunefnd útboðsmála fresti réttaráhrifum úrskurðar nefndarinnar frá 11. júní 2021 í máli nr. 44/2020 að því er varðar óvirkni þar til niðurstaða dómstóla liggur fyrir um gildi úrskurðarins og/eða samningur við lægstbjóðanda á grundvelli nýs útboðs um uppsetningu og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjavík hefur komið til framkvæmda, er hafnað. | | | |
| 28 | Ákvörðun | Orka náttúrunnar ohf. gegn Reykjavíkurborg og Ísorku ehf. | Kröfu Orku náttúrunnar ohf., um að úrskurður kærunefndar útboðsmála frá 11. júní 2021 í máli nr. 44/2020 verði endurupptekinn, er hafnað.<br><br>Orka náttúrunnar ohf. greiði Ísorku ehf. 500.000 krónur í málskostnað. | | | |
| 29 | Ákvörðun | Marsalt ehf. gegn Reykjavíkurborg og Saltkaupum ehf. | Aflétt er stöðvun samningsgerðar milli varnaraðila, Reykjavíkurborgar, og Saltkaupa ehf., í kjölfar útboðs nr. 15212 auðkennt „Götusalt 2021-2022“. | | | |
| 32 | Ákvörðun | Orka náttúrunnar ohf. gegn Ísorku ehf. og Reykjavíkurborg | Kröfu frestbeiðanda, Orku náttúrunnar ohf., um að kærunefnd útboðsmála fresti réttaráhrifum úrskurðar nefndarinnar frá 11. júní 2021 í máli nr. 44/2020, er hafnað. | | | |
| 34 | | Garðyrkjuþjónustan ehf. gegn Reykjavíkurborg og Garðvélum ehf. | Kærandi krafðist aðallega ógildingar á samningi Reykjavíkurborgar og Garðvélum ehf. Til vara fór kærandi fram á skaðabætur og að kærunefnd útboðsmála gefi álit sitt á skaðabótaskyldu Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg samdi við kæranda um greiðslu skaðabóta til hans vegna kostnaðar af tilboðsgerð, missi hagnaðar og kærumálskostnaðar. Við það féll kærandi frá kæru sem og frekari kröfum á hendur Reykjavíkurborg vegna málsins. | | | 7,148,225 kr |
| 35 | Ákvörðun | Leiktæki og sport ehf. gegn Reykjavíkurborg og Metatron ehf. | Kröfu kæranda, Leiktækja og sport ehf., um stöðvun á samningsgerð milli varnaraðila, Reykjavíkurborgar, og Metatron ehf. í kjölfar útboðs nr. 15276 auðkennt „Keppnisvöllur Vals á Hlíðarenda í Reykjavík. Endurnýjun gervigrass 2021“ er hafnað. Reykjavíkurborg samdi við kæranda um greiðslu skaðabóta gegn því að fella kæru málsins niður þar sem útboðið var ekki auglýst á EES-svæðinu og fyrirséð af lestri ákvörðunar að kærunefnd útboðsmála hugðist leggja stjórnvaldssekt á Reykjavíkurborg. | | | 3,720,000 kr |
| 45 | Ákvörðun | Metatron ehf. gegn Reykjavíkurborg og Atenda ehf. | Kröfu kæranda, Metatron ehf., um stöðvun á samningsgerð milli varnaraðila, Reykjavíkurborgar, og Atenda ehf. í kjölfar útboðs nr. 15273 auðkennt „Uppfestibúnaður fyrir lýsingu og viðburðarbúnað í Laugardalshöll“ er hafnað. | | | |
| 45 | Úrskurður | Metatron ehf. gegn Reykjavíkurborg og Atenda ehf. | Öllum kröfum kæranda, Metatron ehf., er hafnað.<br><br>Varnaraðila, Reykjavíkurborg, er ekki gerð stjórnvaldssekt.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 47 | Ákvörðun | Gleipnir verktakar ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Verktækni ehf. | Aflétt er stöðvun samningsgerðar milli varnaraðila, Reykjavíkurborgar, og Verktækni ehf., í kjölfar útboðs nr. 15323 auðkennt „Þróttur – Laugardal. Æfingavellir – Gervigras – Jarðvinna og lagnir“. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 47 | Úrskurður | Gleipnir verktakar ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Verktækni ehf. | Kröfu varnaraðila, Verktækni ehf., um greiðslu málskostnaðar er hafnað. | | | |
| | | | **2022** | **1,000,000 kr** | **- kr** | **- kr** |
| 3 | Úrskurður | Úti og inni sf.<br>gegn<br>Vegagerðinni,<br>Reykjavíkurborg,<br>Kópavogsbæ,<br>Ríkiskaupum og<br>Eflu hf. | Kröfu kæranda, um að felld verði úr gildi ákvörðun varnaraðila um val á tillögum á seinna þrep hönnunarsamkeppni um Fossvogsbrú og um ógildingu samkeppninnar í heild, er vísað frá kærunefnd.<br><br>Kröfu kæranda, um viðurkenningu á skaðabótaskyldu varnaraðila, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 4 | Ákvörðun | Borg byggingalausnir ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Gímó ehf. | Kröfu varnaraðila, Reykjavíkurborgar, um afléttingu sjálfkrafa stöðvunar samningsgerðar í kjölfar útboðs nr. 15350 auðkennt „Safamýri 5 – nýr leikskóli. Endurbætur, fullnaðarfrágangur og lóðarframkvæmd“, er hafnað. | | | |
| 4 | Úrskurður | Borg byggingalausnir ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Gímó ehf. | Aðalkröfu kæranda, Borgar byggingalausna ehf., um að felld verði úr gildi ákvörðun varnaraðila, Reykjavíkurborgar, frá 13. janúar 2021 um að ganga að tilboði Gímó ehf. í útboði nr. 15350 auðkennt „Safamýri 5 – nýr leikskóli. Endurbætur, fullnaðarfrágangur og lóðaframkvæmd“, er vísað frá.<br><br>Kröfu kæranda, um að varnaraðili sé skaðabótaskyldur gagnvart sér vegna framangreindrar ákvörðunar, er hafnað.<br><br>Varnaraðili greiði kæranda, Borgum byggingalausnum ehf., 1.000.000 kr. í málskostnað. | 1,000,000 kr | | |
| 7 | Ákvörðun | Reykjavíkurborg gegn Vörðubergi ehf., Veitum ohf. og Sumargörðum ehf. | Kröfu Reykjavíkurborgar, um að úrskurður kærunefndar útboðsmála frá 5. nóvember 2021 í máli nr. 20/2021 verði endurupptekinn, er hafnað.<br><br>Kröfu Vörðubergs ehf. um greiðslu málskostnaðar úr hendi Reykjavíkurborgar er hafnað. | | | |
| 8 | Úrskurður | TG raf ehf. gegn Reykjavíkurborg | Kröfum kæranda, TG raf ehf., vegna verðfyrirspurnar varnaraðila, Reykjavíkurborgar, er vísað frá kærunefnd útboðsmála.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 10 | Ákvörðun | Gleipnir verktakar ehf. gegn Reykjavíkurborg og Bjössa ehf. | Aflétt er stöðvun samningsgerðar milli varnaraðila, Reykjavíkurborgar, og Bjössa ehf., í kjölfar útboðs nr. 15323 auðkennt „Þróttur – Laugardal. Æfingavellir – Gervigras – Jarðvinna og lagnir“. | | | |
| 10 | Úrskurður | Gleipnir verktakar ehf. gegn Reykjavíkurborg og Bjössa ehf. | Kröfu kæranda, Gleipnis verktaka ehf., vegna útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 15323 auðkennt „Þróttur – Laugardal. Æfingavellir – Gervigras – Jarðvinna og lagnir“, er vísað frá kærunefnd.<br><br>Kröfu kæranda um álit á skaðabótaskyldu er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 11 | Ákvörðun | Reykjavíkurborg gegn N1 Rafmagni ehf. og Orku náttúrunnar ohf. | Endurupptökubeiðni hafnað. | | | |
| 12 | Ákvörðun | Reykjavíkurborg gegn Samtökum iðnaðarins og Orku náttúrunnar ohf. | Endurupptökubeiðni hafnað. | | | |
| 13 | Ákvörðun | Reykjafell ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Smith & Norland hf. | Hafnað er kröfu Reykjavíkurborgar um að aflétt verði stöðvun samningsgerðar um stundarsakir milli varnaraðila, Reykjavíkurborgar og Smith & Norland hf., í kjölfar útboðs nr. 15311 auðkennt „Endurnýjun gönguljósa í Reykjavík“. | | | |
| 13 | Úrskurður | Reykjafell ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Smith & Norland hf. | Útboð varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 15311 auðkennt „Endurnýjun gönguljósa í Reykjavík, er ógilt. Lagt er fyrir varnaraðila að bjóða út innkaupin að nýju með lögmætum hætti.<br><br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 17 | Ákvörðun | Gímó ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Borg byggingalausnum ehf. | Kröfu kæranda, Gímó ehf., um að stöðvuð verði um stundarsakir samningsgerði milli varnaraðila og Borgar byggingalausna ehf. í útboði varnaraðila nr. 15350 auðkennt „Safamýri 5 – nýr leiksskóli. Endurbætur, fullnaðarfrágangur og lóðaframkvæmd“ er hafnað. | | | |
| 17 | Úrskurður | Gímó ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Borg byggingalausnum ehf. | Kröfu kæranda, um að fella úr gildi ákvörðun varnaraðila um að falla frá vali á tilboði kæranda í hinu í útboði nr. 15350 auðkennt „Safamýri 5 – nýr leikskóli. Endurbætur, fullnaðarfrágangur og lóðaframkvæmd“, er hafnað.<br><br>Kröfu kæranda, um að fella úr gildi ákvörðun varnaraðila um val á tilboði Borgar byggingalausna ehf. í hinu kærða útboði, er hafnað.<br><br>Kröfu kæranda, um að varnaraðili sé skaðabótaskyldur gagnvart sér vegna framangreindra ákvarðana, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 43 | Ákvörðun | AJ Produkter AB gegn Reykjavíkurborg og Pennanum hf. | Aflétt er stöðvun samningsgerðar í kjölfar útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 15670 auðkennt „Húsgögn (borð) fyrir grunnskóla“. | | | |
| 43 | Úrskurður | AJ Produkter AB gegn Reykjavíkurborg og Pennanum hf. | Kærunefndin hafnaði því öllum kröfum kæranda. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | **Strætó** | 600,000 kr | - kr | - kr |
| | | | **2019** | **600,000 kr** | **- kr** | **- kr** |
| 18 | Ákvörðun | Tyrfingsson ehf. gegn Strætó bs. | Kröfu kæranda, Tyrfingssonar ehf., um að útboð Reykjavíkurborgar f.h. Strætó bs. nr. 14403 auðkennt „Purchase of Hydrogen Buses“, verði stöðvað um stundarsakir, er hafnað. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 18 | Úrskurður | Tyrfingsson ehf.<br>gegn<br>Strætó bs. | Varnaraðili, Strætó bs., er skaðabótaskyldur gagnvart kæranda, Tyrfingssyni ehf., vegna útboðs nr. 14403, auðkennt „Purchase of Hydrogen Buses.“<br><br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað.<br><br>Varnaraðili greiði kæranda 600.000 krónur í málskostnað. | 600,000 kr | | |
| 29 | Ákvörðun | Ridango AS<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Fara AS | Kröfu kæranda, Ridango AS, um stöðvun samningsgerðar vegna útboðs varnaraðila, Strætó bs., auðkennt „Rafrænt greiðslukerfi fyrir Strætó bs“ er hafnað. | | | |
| 29 | Úrskurður | Ridango AS<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Fara AS | Öllum kröfum kæranda, Ridango AS, vegna innkaupaferlis varnaraðila, Strætó bs., nr. 14580 auðkennt „Rafrænt greiðslukerfi fyrir Strætó bs.“ er hafnað.<br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| | | | **2020** | **- kr** | **- kr** | **- kr** |
| 27 | Ákvörðun | Akstursþjónustan ehf.<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Hópbílum hf. | Stöðvun útboðs varnaraðila, Strætó bs., nr. 14799 auðkennt „Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu“, er aflétt. | | | |
| 27 | Úrskurður | Akstursþjónustan ehf.<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Hópbílum hf. | Kröfu kæranda, Akstursþjónustunnar ehf., um að kærunefnd útboðsmála láti uppi álit á skaðabótaskyldu varnaraðila, Strætó bs., gagnvart kæranda, vegna útboðs varnaraðila nr. 14799 auðkennt „Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu“, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 30 | Ákvörðun | Snæland Grímsson ehf.<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Hópbílum hf. | Kröfu kæranda, Snælands Grímssonar ehf., um að útboð varnaraðila, Strætó bs., nr. 14799 auðkennt „Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu“, verði stöðvað um stundarsakir, er hafnað. | | | |
| 30 | Úrskurður | Snæland Grímsson ehf.<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Hópbílum hf. | Kröfum kæranda, Snælands Grímssonar ehf., vegna útboðs varnaraðila nr. 14799 auðkennt „Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu“, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 31 | Ákvörðun | Teitur Jónasson ehf.<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Hópbílum hf. | Kröfu kæranda, Teits Jónassonar ehf., um að útboð varnaraðila, Strætó bs., nr. 14799 auðkennt „Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu“, verði stöðvað um stundarsakir, er hafnað. | | | |
| 31 | Úrskurður | Teitur Jónasson ehf.<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Hópbílum hf. | Kröfum kæranda, Teits Jónassonar ehf., vegna útboðs varnaraðila nr. 14799 auðkennt „Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu“, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 32 | Ákvörðun | Ferðó ehf.<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Hópbílum hf. | Kröfu kæranda, Ferðó ehf., um að útboð varnaraðila, Strætó bs., nr. 14799 auðkennt „Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu“, verði stöðvað um stundarsakir, er hafnað. | | | |
| 32 | Úrskurður | Ferðó ehf.<br>gegn<br>Strætó bs. og<br>Hópbílum hf. | Kröfum kæranda, Ferðó ehf., vegna útboðs varnaraðila nr. 14799 auðkennt „Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu“, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| | | | | | | |
| | | | **Sorpa** | 250,000 kr | - kr | - kr |
| | | | **2021** | **250,000 kr** | **- kr** | **- kr** |
| 10 | Ákvörðun | Íslenska gámafélagið ehf.<br>gegn<br>Sorpu bs. | Hafnað er kröfu kæranda, Íslenska gámafélagsins ehf., um að stöðva um stundarsakir útboð varnaraðila, Sorpu bs., nr. 15058 auðkennt „Endurvinnslustöðvar & Nytjamarkaður GH. Gámaleiga, flutningur og losun gáma frá starfsstöðvum Sorpu bs.“ | | | |
| 10 | Úrskurður | Íslenska gámafélagið ehf.<br>gegn<br>Sorpu bs. | Kröfum kæranda, Íslenska gámafélagsins ehf., vegna útboðs varnaraðila, Sorpu bs., nr. 15058 auðkennt „Endurvinnslustöðvar & Nytjamarkaður GH. Gámaleiga, flutningur og losun gáma frá starfsstöðvum Sorpu bs.“, er hafnað.<br><br>Varnaraðili, Sorpa bs., greiði kæranda, Íslenska gámafélaginu ehf., 250.000 krónur í málskostnað. | 250,000 kr | | |
| 11 | Ákvörðun | HP gámar ehf.<br>gegn<br>Sorpu bs. | Hafnað er kröfu kæranda, HP gáma ehf., um að stöðva um stundarsakir útboð varnaraðila, Sorpu bs., nr. 15058 auðkennt „Endurvinnslustöðvar & Nytjamarkaður GH. Gámaleiga, flutningur og losun gáma frá starfsstöðvum Sorpu bs.“ | | | |
| 11 | Úrskurður | HP gámar ehf.<br>gegn<br>Sorpu bs. | Kröfu kæranda, HP gáma ehf., um að útboð varnaraðila, Sorpu bs., nr. 15058 auðkennt „Endurvinnslustöðvar & Nytjamarkaður GH. Gámaleiga, flutningur og losun gáma frá starfsstöðvum Sorpu bs.“, verði ógilt, er hafnað.<br><br>Kröfu kæranda um að ákvörðun varnaraðila um að tilboð hafi ekki borist frá kæranda í hinu kærða útboði verði felld úr gildi, er hafnað.<br><br>Öðrum kröfum kæranda er vísað frá kærunefnd.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 41 | Úrskurður | HJ bílar ehf. og<br>Kubbur ehf.<br>gegn<br>Sorpu bs. | Kröfu kærenda, um að fella úr gildi ákvörðun varnaraðila um að hafna öllum tilboðum í hinu kærða útboði, er hafnað.<br><br>Kröfu kærenda, um að varnaraðili sé skaðabótaskyldur gagnvart sér vegna framangreindrar ákvörðunar, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Faxaflóahafnir** | | | | 650,000 kr | - kr | - kr |
| **2021** | | | | **650,000 kr** | **- kr** | **- kr** |
| 1/2019 | Úrskurður | Sanmar denizcilik makina ve ticaret a.s.<br>gegn<br>Faxaflóahöfnum sf. | Hafnað er kröfu kæranda, Sanmar denizcilik makina ve ticaret a.s., um að felld verði úr gildi ákvörðun varnaraðila, Faxaflóahafna sf., um að taka tilboði Damen Shipyards Gorincherm B.V í útboðinu „Tender for tug boat for Faxaflóahafnir sf – Associated Icelandic Ports Iceland“.<br>Það er álit kærunefndar útboðsmála að varnaraðili, Faxaflóahafnir sf., sé skaðabótaskyldur gagnvart kæranda vegna hins kærða útboðs.<br>Varnaraðili greiði kæranda 650.000 krónur í málskostnað. | 650,000 kr | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Orkuveita Reykjavíkur** | | | | 750,000 kr | - kr | - kr |
| **2021** | | | | **750,000 kr** | **- kr** | **- kr** |
| 31/2021 | Úrskurður | Penninn ehf.<br>gegn<br>Orkuveitu Reykjavíkur og<br>Hirzlunni ehf. | Varnaraðili, Orkuveita Reykjavíkur, er skaðabótaskyldur gagnvart kæranda, Pennanum ehf., vegna örútboðs innan rammasamnings um húsgögn nr. ORRS-2020-05-Ö03 auðkennt „Færanlegir símaklefar og fundarrými“.<br><br>Varnaraðili greiði kæranda 750.000 krónur í málskostnað. | 750,000 kr | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Veitur ohf.** | | | | 950,000 kr | - kr | - kr |
| **2019** | | | | 550,000 kr | - kr | - kr |
| 30 | Ákvörðun | Mertex UK Limited<br>gegn<br>Orku náttúrunnar ohf. og<br>Vatni og veitum ehf. | Stöðvun útboðs varnaraðila, Orku náttúrunnar ohf. nr. ONIK-2019-14 auðkennt „ Casings and Liners“, er aflétt. | | | |
| 33 | Ákvörðun | Íslensk orkumiðlun ehf.<br>gegn<br>Veitum ohf.,<br>Orkuveitu Reykjavíkur – Vatns- og fráveitu sf. og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Kröfu kæranda, Íslenskrar orkumiðlunar ehf., um að útboð varnaraðila, Veitna ohf. og Orkuveitu Reykjavíkur – Vatns- og fráveitu sf. auðkennt „VEIK-2019-11 Raforkukaup fyrir Veitur“, verði stöðvað um stundarsakir, er hafnað. | | | |
| 33 | Úrskurður | Íslensk orkumiðlun ehf.<br>gegn<br>Veitum ohf.,<br>Orkuveitu Reykjavíkur – Vatns- og fráveitu sf. og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Ákvörðun varnaraðila, Veitna ohf. og Orkuveitu Reykjavíkur – Vatns- og fráveitu sf., frá 10. desember 2019 í útboði auðkennt „VEIK-2019-11 Raforkukaup fyrir Veitur“, um að ganga til samninga við Orku náttúrunnar ohf. í C flokki og hafna tilboði kæranda, Íslenskrar orkumiðlunar ehf., er felld úr gildi.<br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað.<br>Varnaraðilar greiði kæranda óskipt 1.100.000 krónur í málskostnað. | 550,000 kr | | |
| **2020** | | | | - kr | - kr | - kr |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 29 | Úrskurður | Mannvit hf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg<br>Veitum ohf.<br>Mílu ehf.<br>Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.<br>og Eflu hf. | Kröfum kæranda, Mannvits hf., vegna útboðs varnaraðila, innkaupadeildar Reykjavíkurborgar fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Veitna ohf., Mílu ehf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., í kjölfar útboðsins „Tryggvagata og Naustin Endurgerð 2020-2021 Eftirlit“ er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 49 | Úrskurður | Andersson Water AWAB AB<br>gegn<br>Veitum ohf. | Kröfum kæranda, Andersson Water AWB AB (nú Anderson Water Sweden AB), vegna útboðs varnaraðila, Veitna ohf., auðkennt „VEIK-2020-11 Klettagarðar and Ánanaust WTPs. Step screens, washing and conveyor equipment“, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| | | | **2021** | **400,000 kr** | **- kr** | **- kr** |
| 4 | Ákvörðun | Andersson Water AWAB AB<br>gegn<br>Veitum ohf. og<br>Varma og Vélaverki ehf. | Hafnað er kröfu varnaraðila, Veitna ohf., um að aflétt verði banni við samningsgerð milli varnaraðila og Varma og Vélaverks ehf. í kjölfar útboðsins „VEIK-2020-11 Klettagarðar and Ánanaust WTPs. Step screens, washing and conveyor equipment“. | | | |
| 4b | Ákvörðun | Andersson Water AWAB AB<br>gegn<br>Veitum ohf. og<br>Varma og Vélaverki ehf. | Kröfu varnaraðila, Veitna ohf., um að ákvörðun kærunefndar útboðsmála frá 26. febrúar 2021 í máli nr. 4/2021 verði endurupptekin, er hafnað. | | | |
| 4 | Úrskurður | Andersson Water AWAB AB<br>gegn<br>Veitum ohf. og<br>Varma og Vélaverki ehf. | Kröfum varnaraðila, Veitna ohf. og Varma og Vélaverks ehf., um að máli þessu verði vísað frá, er hafnað.<br><br>Felld er úr gildi ákvörðun varnaraðila, Veitna ohf., um að velja tilboð Varma og Vélaverks ehf. í kjölfar útboðsins, auðkennt „VEIK-2020-11 Klettagarðar and Ánanaust WTPs. Step screens, washing and conveyor equipment“.<br><br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað.<br><br>Varnaraðili, Veitur ohf., greiði kæranda, Andersson Water AWAB (nú Anderson Water Sweden AB), 400.000 krónur í málskostnað. | 400,000 kr | | |
| 20 | Úrskurður | Vörðuberg ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg,<br>Veitum ohf. og<br>Sumargörðum ehf. | Varnaraðili, Reykjavíkurborg, er skaðabótaskyldur gagnvart kæranda, Vörðubergi ehf., vegna kostnaðar hans af þátttöku í útboði nr. 15175 auðkennt „Gangstéttaviðgerðir 2021“.<br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað.<br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði kæranda 700.000 krónur í málskostnað. | | | |
| | | | **2022** | **- kr** | **- kr** | **- kr** |
| 7 | Ákvörðun | Reykjavíkurborg<br>gegn<br>Vörðubergi ehf.,<br>Veitum ohf. og<br>Sumargörðum ehf. | Kröfu Reykjavíkurborgar, um að úrskurður kærunefndar útboðsmála frá 5. nóvember 2021 í máli nr. 20/2021 verði endurupptekinn, er hafnað.<br><br>Kröfu Vörðubergs ehf. um greiðslu málskostnaðar úr hendi Reykjavíkurborgar er hafnað. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Orka náttúrunnar** | | | | 1,050,000 kr | - kr | - kr |
| **2019** | | | | 550,000 kr | - kr | - kr |
| 30 | Ákvörðun | Mertex UK Limited<br>gegn<br>Orku náttúrunnar ohf. og<br>Vatni og veitum ehf. | Stöðvun útboðs varnaraðila, Orku náttúrunnar ohf. nr. ONIK-2019-14 auðkennt „ Casings and Liners“, er aflétt. | | | |
| 30 | Úrskurður | Mertex UK Limited<br>gegn<br>Orku náttúrunnar ohf. og<br>Vatni og veitum ehf. | Kröfum kæranda, Mertex UK Limited, vegna útboðs varnaraðila, Orku náttúrunnar ohf. nr. ONIK-2019-14 auðkennt „ Casings and Liners“, er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 33 | Ákvörðun | Íslensk orkumiðlun ehf.<br>gegn<br>Veitum ohf.,<br>Orkuveitu Reykjavíkur – Vatns- og fráveitu sf. og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Kröfu kæranda, Íslenskrar orkumiðlunar ehf., um að útboð varnaraðila, Veitna ohf. og Orkuveitu Reykjavíkur – Vatns- og fráveitu sf. auðkennt „VEIK-2019-11 Raforkukaup fyrir Veitur“, verði stöðvað um stundarsakir, er hafnað. | | | |
| 33 | Úrskurður | Íslensk orkumiðlun ehf.<br>gegn<br>Veitum ohf.,<br>Orkuveitu Reykjavíkur – Vatns- og fráveitu sf. og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Ákvörðun varnaraðila, Veitna ohf. og Orkuveitu Reykjavíkur – Vatns- og fráveitu sf., frá 10. desember 2019 í útboði auðkennt „VEIK-2019-11 Raforkukaup fyrir Veitur“, um að ganga til samninga við Orku náttúrunnar ohf. í C flokki og hafna tilboði kæranda, Íslenskrar orkumiðlunar ehf., er felld úr gildi.<br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað.<br>Varnaraðilar greiði kæranda óskipt 1.100.000 krónur í málskostnað. | 550,000 kr | | |
| **2020** | | | | - kr | - kr | - kr |
| 1 | Úrskurður | Íslensk orkumiðlun ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði stjórnvaldssekt að fjárhæð 8.000.000 króna í ríkissjóð.<br><br>Lagt er fyrir varnaraðila, Reykjavíkurborg, að bjóða út innkaup á raforku.<br><br>Kröfu kæranda, Íslenskrar orkumiðlunar ehf., um að kærunefnd útboðsmála felli úr gildi ákvörðun varnaraðila um að framkvæma kaup á raforku frá Orku náttúrunnar ohf., án útboðs, er vísað frá nefndinni.<br><br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði kæranda, Íslenskri orkumiðlun ehf., 1.500.000 krónur í málskostnað.<br><br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað. | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 17 | Úrskurður | Samtök iðnaðarins<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði stjórnvaldssekt að fjárhæð 2.000.000 krónur í ríkissjóð.<br><br>Lagt er fyrir varnaraðila, Reykjavíkurborg, að bjóða út þjónustu við útskiptingu og uppsetningu LED-lampa í Reykjavík.<br><br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði kæranda, Samtökum iðnaðarins, 1.000.000 króna í málskostnað.<br><br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað. | | | |
| 44 | Ákvörðun | Ísorka ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Kröfu kæranda, Ísorku ehf., um stöðvun útboðs varnaraðila, Reykjavíkurborgar, nr. 14923 auðkennt „Uppsetning og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjavík“, er hafnað. | | | |
| 52 | Ákvörðun | Efla hf.<br>gegn<br>Orku náttúrunnar ohf.<br>og Verkís hf. | Aflétt er stöðvun á samningsgerð varnaraðila, Orku náttúrunnar ohf., við Verkís hf. í kjölfar útboðsins „ONIK-2020-06 NES CSU Endurnýjun stjórnkerfis Nesjavallavirkjunar: Verkhönnun, útboðsgagnagerð og þjónusta á framkvæmdatíma“ . | | | |
| 52 | Úrskurður | Efla hf.<br>gegn<br>Orku náttúrunnar ohf.<br>og Verkís hf. | Kröfum kæranda, Eflu hf., vegna útboðs varnaraðila, Orku náttúrunnar ohf., auðkennt „ONIK-2020-06 NES CSU Endurnýjun stjórnkerfis Nesjavallavirkjunar: Verkhönnun, útboðsgagnagerð og þjónusta á framkvæmdatíma“ er hafnað.<br><br>Málskostnaður fellur niður. | | | |
| 44 | Úrskurður | Ísorka ehf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Samningur varnaraðila, Reykjavíkurborgar og Orku náttúrunnar ohf. frá 2. október 2020, um uppsetningu og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjavík, skal vera óvirkur frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.<br><br>Lagt er fyrir varnaraðila að bjóða út að nýju uppsetningu og rekstur hleðslustöða fyrir rafbíla í Reykjavík.<br><br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, greiði stjórnvaldssekt að fjárhæð 4.000.0000 krónur er renni í ríkissjóð.<br><br>Varnaraðili, Reykjavíkurborg, er skaðabótaskyldur gagnvart kæranda vegna kostnaðar kæranda af því að undirbúa og taka þátt í útboði nr. 14923 auðkennt „Uppsetning og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjavík“.<br><br>Varnaraðili greiði kæranda 2.000.000 krónur í málskostnað.<br><br>Öðrum kröfum kæranda er hafnað. | | | |
| | | | **2021** | **500,000 kr** | **- kr** | **- kr** |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 27 | Ákvörðun | Reykjavíkurborg<br>gegn<br>Ísorku ehf. og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Kröfu frestbeiðanda, Reykjavíkurborgar, að kærunefnd útboðsmála fresti réttaráhrifum úrskurðar nefndarinnar frá 11. júní 2021 í máli nr. 44/2020 að því er varðar óvirkni þar til niðurstaða dómstóla liggur fyrir um gildi úrskurðarins og/eða samningur við lægstbjóðanda á grundvelli nýs útboðs um uppsetningu og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjavík hefur komið til framkvæmda, er hafnað. | | | |
| 28 | Ákvörðun | Orka náttúrunnar ohf.<br>gegn<br>Reykjavíkurborg og<br>Ísorku ehf. | Kröfu Orku náttúrunnar ohf., um að úrskurður kærunefndar útboðsmála frá 11. júní 2021 í máli nr. 44/2020 verði endurupptekinn, er hafnað.<br><br>Orka náttúrunnar ohf. greiði Ísorku ehf. 500.000 krónur í málskostnað. | 500,000 kr | | |
| 32 | Ákvörðun | Orka náttúrunnar ohf.<br>gegn<br>Ísorku ehf. og<br>Reykjavíkurborg | Kröfu frestbeiðanda, Orku náttúrunnar ohf., um að kærunefnd útboðsmála fresti réttaráhrifum úrskurðar nefndarinnar frá 11. júní 2021 í máli nr. 44/2020, er hafnað. | | | |
| | | | **2022** | **- kr** | **- kr** | **- kr** |
| 35 | Ákvörðun | Ísorka ehf.<br>gegn<br>Reykjanesbæ og<br>Orku náttúrunnar ohf. | Kröfu kæranda, Ísorku ehf., um stöðvun á samningsgerð milli varnaraðila, Reykjanesbæjar, og Orku náttúrunnar ohf. í kjölfar útboðs nr. 20227, auðkennt „Uppsetning og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjanesbæ“, er hafnað. | | | |
| | | | **2023** | **- kr** | **- kr** | **- kr** |
| 16 | Ákvörðun | Þróttur ehf. gegn Orku náttúrunnar ohf. og PK verki ehf. | Kærunefnd útboðsmála féllst á kröfu varnaraðila um að aflétta sjálfkrafa stöðvun samningsgerðar, sbr. 2. mgr. 107. gr. og 1. mgr. 110. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. | | | |